



# FRÉTTABRÉF HROSSARÆKTARSAMTAKA SUÐURLANDS

12. OKTÓBER 2010

## FRÁ FORMANNI

### EFNI BRÉFSINS:

FRÁ	1
FORMANNI	
HAUSTFUNDUR HS	1
DNA-GREININGAR	2
AÐGANGUR AÐ WORLD FENG	2
STÓÐHESTA-SKÝRSLUR/FANGVOTTORÐ	2
HEIMARÉTT Í WORLD FENG	2

Sælir ágætu félagar.

Það er óhætt að segja að síðstu mánuðir hafi verið heldur óvenjulegir hjá okkur hestafólki svo að ekki sé meira sagt. Hestaflensan sem upp kom á vordögum hefur meira og minna sett mark sitt á alla viðburði sem tengdust hrossum í sumar, svo sem fyrirhugað Landsmót, kynbótasýningar og keppnir að ógleymdum hestaferðalögum auk þess sem hlé var gert á útflutningi hrossa. Ástandið núna virðist vera þannig að flensan herjar helst á folöld þessa dagana. Hesteigendur þurfa því að fylgjast mjög vel með ungvíðinu á næstunni en reynslan sýnir að hægt er að meðhöndla folöldin með áhrifaríkum hætti ef gripið er til úrlausna í tíma. Eldri hrossin virðast flest vera komin til heilsu á ný. Ljóst er að fjárhagleg áhrif hestaflensunar eru talsverð, ýmis áform með hross hafa frestast og kostnaður vegna meðhöndlunar veikra hrossa oft mikill. Það er óhætt að segja að einmuna góð tíð undanfarið hafi hjálpað hrossunum mikið við að komast yfir veikindin og er óskandi að flensan verði um garð gengin áður en vetrarveðrin fara að sýna sig.



Fundur um hestaflensuna var haldinn í Þingborg í september sl. þar sem fulltrúar frá MAST fóru yfir stöðu mála og greindu frá því sem gert hefur verið í rannsóknarvinnu varðandi flensuna og svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Fundurinn var vel sóttur enda nauðsynlegt fyrir okkur hesteigendur að fá upplýsingar frá fyrstu hendi.

Það sem liggur fyrir á vetrardagskránni hjá Hrossaræktarsamtökunum er að Elsa Albertsdóttir verður með fræðslukvöld um kynbótamatið í janúar. Fyrirhugað er að hafa byggingadómanámskeið í febrúar og hæfileikadómanámskeið í mars. Hægt er að skrá sig á námskeiðin hjá LbhÍ á netfangið [asdish@lbhi.is](mailto:asdish@lbhi.is), þó svo dagsetningar hafi ekki endanlega verið ákveðnar. Haldin verður ungfólasýning í mars og verður hún með svipuðu sniði og verið hefur undanfarin ár. Sýningin Ræktun 2011 verður laugardaginn 23 apríl. Dagskráin verður auglýst nánar þegar nær líður á netmiðlunum. Þar verða frekari upplýsingar um námskeiðin og sýningarnar.

Okkar árlega haustfund höldum við þann 19. okt. kl. 20:00 í félagsheimili Sleipnis á Selfossi. Á fundinn kemur Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur sem fjallar um kynbótasýningar sumarsins og árangur þeirra. Einnig koma þau Gunnar Arnarson og Hulda Gústafsdóttir hrossaútflytjendur og fjalla um hvernig útflutningur hefur gengið eftir að hann hófst að nýju.

Sveinn Steinarsson

WWW.BSSL.IS/HROSSARAEKT

## Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

Haustfundur Hrossaræktarsamtaka Suðurlands verður haldinn í félagsheimili Hestamannafélagsins Sleipnis, Hliðskjálfrí þriðjudaginn 19. október nk. kl. 20:00. Guðlaugur Antonsson hrossaræktarráðunautur Bændasamtaka Íslands verður með framsögu á fundinum. Einnig munu Gunnar Arnarson og Hulda Gústafsdóttir hrossaútflytjendur upplýsa menn um horfur á útflutningi hrossa í haust.

Stjórnin hvetur félagsmenn til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í umræðum. Kaffi og meðlæti í boði samtakanna.

Stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands

## DNA-GREININGAR

Minnum á mikilvægi þess að allir stóðhesta hafi sannað ætterni, þ.e. búið sé að taka DNA-sýni úr báðum foreldrum. Fagrað í hrossarækt ákvað síðast liðinn vetur að allir stóðhestar sem kæmu til kynbótadóms í vor yrðu að hafa sannað ætterni. Einhver misbrestur var á því að búið væri að taka DNA-sýni úr mæðrum hestanna og er eigendum þessara hesta bent á að gera það sem fyrst. Búnaðarsamband Suðurlands tekur að sér að taka DNA-sýni úr hrossum og geta ræktendur sent tölvupóst á netfangi [halla@bssl.is](mailto:halla@bssl.is) eða hringt í síma 480-1800 til að panta sýnatöku. Sýnatakan fer þannig fram að tekið er stroksýni úr nös sem síðan er sent í greiningu til



líftækni fyrirtækisins Matis ohf/Prokaria. Einungis eru tekin sýni úr örmerktum hrossum. Gjaldskráin er eftirfarandi: Tímagjald fyrir sýnatöku og frágang 6.000 kr/klst + vsk  
Komugjald 2.300 + vsk

Greining á sýni 3.200 kr + vsk

Margir ræktendur hafa það sem reglu að láta taka DNA-sýni úr öllum folöldum sem þeim fæðast en vissulega er mikilvægast að taka sýni úr líklegum ræktunargripum.

### Búnaðarsamband Suðurlands

#### AÐGANGUR AÐ WORLD FENG

Allir félagsmenn í Hrossaræktarsamtökum Suðurlands eiga rétt á að fá aðgang að Worldfeng sér að kostnaðarlausu. Félagsmenn eru nú 483 þegar þetta er skrifað og eru 359 sem nýta sér aðganginn að Worldfeng. Ef einhver sem lesa þetta hefur ekki komist inn í Worldfeng þá er skýringin trúlega sú að netfang viðkomandi er ranglega skráð í WF. Endilega sendið tölvupóst á netfangið [halla@bssl.is](mailto:halla@bssl.is) ef þið hafið ekki komist inn í WF þannig hægt sé að kippa því í lag. Worldfengur er ómissandi fyrir ræktendur og áhugafólk um hrossarækt.

Halla Eygló Sveinsdóttir

#### STÓÐHESTASKÝRSLUR/ FANGVOTTORÐ

Eigendur stóðhesta eru minntir á að núna er rétti tíminn til að skila inn stóðhestaskýrslum/ fangvottorðum. Hægt er að skila þeim inn til skráningar hjá Búnaðarsambandi Suðurlands Austurvegi 1 á Selfossi. Það er mikill fengur að því fyrir hryssueigendur að upplýsingar um fang skili sér inn í Worldfeng því annars geta hryssueigendur ekki sjálfir skráð folöldin í gegnum heimaréttina í Worldfeng. Eyðublöð má nálgast á skrifstofu Búnaðarsambands Suðurlands eða á heimasíðu BSSL [www.bssl.is](http://www.bssl.is) undir hrossarækt/ eyðublöð.

#### HEIMARÉTT Í WORLD FENG

Heimaréttin í WorldFeng er frábær nýjung. Nú geta ræktendur skráð folöldin jafnóðum og þau fæðast og gengið sjálfir frá eigandaskiptum. Það er því loksins hægt að skila skýrsluhaldinu rafrænt. Stóðhestaskýrslur/ fangvottorð og örmerkjablöð verður þó áfram að senda inn til skráningar. Rétt er að benda á að í heimaréttinni birtast eingöngu hross sem skráð eru á þann sem hefur aðganginn að WF. Ef ræktendur vilja að hross barna og maka komi einnig fram í sömu heimarétt er hægt að fylla út eyðublað sem kallað er, umboð vegna heimaréttar. Eyðublað þetta er að finna í WF undir eyðublöð og þegar það hefur verið fyllt út og undirritað af viðkomandi aðilum er það sent til tölvudeildar Bændasamtaka Íslands, heimilisfang kemur fram neðst á eyðublaðinu. Tölvudeildin sér síðan um að tengja viðkomandi kennitölur í eina heimarétt.